




Rannsóknastöðin Rif ses.

Ársskýrsla 2015



Inngangur

Rannsóknastöðin Rif var formlega stofnuð 23. maí 2014 og er afsprengi verkefnis Byggðastofnunar um „Brothættar byggðir“. Árið á undan hafði Náttúrustofa Norðausturlands unnið að undirbúningi stofnunarinnar með stuðningi Byggðastofnunar, Vaxtarsamnings Norðausturlands (VAXNA) og Styrktarsjóði EBÍ (Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands). Rannsóknastöðinni er ætlað að skapa jarðveg fyrir rannsóknir og þekkingarsköpun sem byggir á náttúrufarslegri sérstöðu Melrakkasléttu, m.a. hvað varðar áhrif loftslagsbreytinga og aukinna umsvifa mannsins á vistkerfi norðurslóða. Aðgengilegur norðurhluti Melrakkasléttu er skilgreindur sem heimskautasvæði (e. *Low Arctic*) og hentar því afar vel fyrir slíkar rannsóknir.

Hlutverk og markmið


Rannsóknastöðin Rif er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988. Náttúrufarsleg sérstaða Melrakkasléttu, nálægð við heimskautsbaug og tengsl svæðisins við náttúru norðurslóða mótar hlutverk og megin markmið Rifs sem er þríþætt:

1. Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi
2. Að safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu til almennings, stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins
3. Að styðja nærsamfélagið með því að taka þátt í samfélaginu, m.a. með fræðslu og stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku.

Nánari útfærslu og útskýringar á markmiðunum má sjá í stjórnunaráætlun Rifs.

Stjórn

Eftirtaldir aðilar skipuðu stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2015 og helst sú skipan óbreytt frá fyrra ári (sjá mynd):



Starfsemi árið 2015

Störf stjórnar

Almennt hefur verið unnið út frá þeirri stefnu er mótuð var í greinargerð um Rif sem unnin var af Náttúrustofu Norðausturlands í aðdraganda stofnunar stöðvarinnar. Í greinargerðinni var sett fram stefnumótun um starfsemi rannsóknastöðvarinnar og rekstraráætlun til þriggja ára. Auk þess er þar að finna yfirlit um náttúrufar og fyrri rannsóknir á Melrakkaslétu.

Stjórn Rifs fundaði alls þrisvar á árinu 2015. Fyrsti fundurinn var haldinn 1. apríl að Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Þar bauð Norðurslóðanetið Rifi upp á afnot af fundaraðstöðu sinni og kunna aðstandendur stöðvarinnar því mikla þökk fyrir.

Annar stjórnarfundur ársins var haldinn 17. september í Hreiðrinu á Raufarhöfn, þar sem aðstaða rannsóknastöðvarinnar er til húsa. Í kjölfar þess fundar var einnig farið í heimsókn í grunnskóla staðarins, aðstaðan þar skoðuð og spjallað við Birnu Björnsdóttur skólastjóra um mögulegt samstarf varðandi rannsóknaaðstöðu og fræðsluverkefni.

Þriðji og síðasti stjórnarfundur ársins var svo einnig haldinn að Borgum á Akureyri, þann 16. desember, í fundaraðstöðu Norðurslóðanetsins.

Húsnæði og aðstaða

Árið 2015 var húsnæðisaðstaða stöðvarinnar áfram samrekin með gistiheimilinu Hreiðrinu að Aðalbraut 16, Raufarhöfn. Gert er ráð fyrir því að sá háttur verði einnig hafður á út árið 2016. Þó er stefnt að því að byggja upp rannsóknaaðstöðu í húsnæði grunnskóla staðarins í samvinnu við skólastjórnendur og sveitarfélagið Norðurþing. Óformlegar umræður þess efnis voru þegar hafnar á árinu 2015. Rannsóknastöðin hafði áfram afnot af jörðinni Rifi, nyrstu jörð landsins, og hélst samningur þess efnis óbreyttur frá fyrra ári. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi í nánustu framtíð.

Starfsmannamál

Jónína Sigríður Þorláksdóttir var ráðin til stöðvarinnar í júlí 2015 og gegnir hún stöðu verkefnastjóra. Jónína er líffræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands og útskrifaðist með M.Sc. í umhverfis- og auðlindafræði frá sama skóla síðastliðið haust. Ráðningarsamingurinn var svo framlengdur út starfsárið 2016 og er þar miðað við 70% starfshlutfall. Hefur aðstaða rannsóknastöðvarinnar í Hreiðrinu á Raufarhöfn verið nýtt sem skrifstofuaðstaða.

INTERACT og innleiðing verkferla

Rannsóknastöðin Rif er áfram virkur meðlimur INTERACT samstarfsins og í október 2015 sóttu verkefnastjóra og Hlynur Óskarsson stjórnarmaður aðalfund samstarfsins sem haldinn var í Varsjá, Póllandi. Var þar aðalmál á dagskrá að fara yfir nýtt umsóknarferli samstarfsins í Horizon 2020 verkefni Evrópusambandsins, en umsókn INTERACT til sambandsins verður

endurnýjuð árið 2016. Jónína er uppalin á svæðinu og er því bæði mannlífi og náttúru staðarins vel kunnug.

Árið 2015 var unnið að ýmsum praktískum málefnum sem þurfa að vera til staðar í þeim rannsóknastöðvum sem fylgja stöðlum INTERACT samstarfsins. Lokið var við gerð stjórnunaráætlunar fyrir Rif auk þess sem ýmsir verkferlar voru innleiddir og aðlagðir að starfsemi stöðvarinnar. Var þessi vinna unnin út frá leiðbeiningariti fyrir rannsóknastöðvar á norðurvelli (Management planning for arctic and northern alpine research stations – Examples of good practices) sem gefið hefur verið út á vegum INTERACT. Þá voru útbúin skráningar- og umsóknareyðublöð fyrir stöðina og ýmsir gátlistar, m.a. varðandi öryggis- og umhverfismál (sjá stjórnunaráætlun Rifs 2015-2016). Var allt þetta efni unnið bæði á íslensku og ensku í samræmi við alþjóðleg sjónarmið stöðvarinnar.

Reiknað er með að skipulagsvinna fyrir Rannsóknastöðina Rif verði endurskoðuð í byrjun árs 2016 í samræmi við fjölda og eðli þeirra umsókna um afnot af rannsóknastöðu sem berast og þær fjárveitingar sem nú liggja fyrir.

Kynningarmál

Árið 2015 og það sem af er árs 2016 hefur verið útbúið ýmislegt kynningarefni fyrir Rif sem ætlað er bæði fyrir íslenskar og erlendar rannsóknastofnanir, sem og aðra sem áhugasamir eru um þau málefni sem stöðin stendur fyrir.

- **Vefsíða** hefur verið opnuð fyrir Rif undir slóðinni rifresearch.is. Þar má finna fréttir, ýmsan fróðleik um náttúru og vistkerfi Melrakkaslétu og um þá aðstöðu sem Rif býður upp á. Einnig er þar að finna umsóknareyðublöð fyrir þá sem vilja sækja um afnot af aðstöðunni. Efnið er aðgengilegt bæði á íslensku og ensku.
- **Facebook síða** var sett upp fyrir stöðina sumarið 2015.
- **Merki (logo)** hefur verið hannað fyrir Rannsóknastöðina Rif (sjá forsíðu þessarar skýrslu), en þar sameinast útlínur sendlings (*Calidris maritima*), óopinbers einkennisfugls Melrakkaslétu, norðurheimskautsins og aldanna í hafinu. Mun þetta merki í framhaldinu prýða allt útgefið efni á vegum stöðvarinnar.
- **Kynningarvegspjald** á íslensku var útbúið fyrir íslensku Líffræðiráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík í byrjun nóvember 2015. Mun það nýtast áfram til frekari kynningar á stöðinni.
- **Bæklingur** var útbúinn á íslensku og ensku fyrir Rif og hefur hann þegar verið nýttur til kynningar og dreift á ýmsum stöðum.

Stjórnarmeðlimir og verkefnastjóri unnu ötullega að kynningu á rannsóknastöðinni og starfsemi hennar á íslenskri sem erlendri grundu árið 2015. Lögð var áhersla á að kynna starfsemi og framtíðaráform stöðvarinnar fyrir rannsóknastofnunum og vísindamönnum en einnig þingmönnum, heimamönnum og nærsveitarfólki. Var stöðin m.a. kynnt á:

- Kjördæmadögum þingmanna í byrjun október. Stjórnarmenn funduðu með þingmönnum Norðausturkjördæmis á Rauфарhöfn og kynntu þeim starfsemi og framtíðaráform Rifs
- Menningardögum á Rauфарhöfn í byrjun október
- Arctic Circle ráðstefnunni um miðjan október

- Aðalfundi INTERACT samstarfsins sem fram fór í Varsjá í byrjun nóvember
- Líffræðiráðstefnunni í byrjun nóvember
- Aðalfundi ferðaþjónustusamtakanna Norðurhara í lok nóvember

Nýting aðstöðu og rannsóknir árið 2015

Ágætis nýting var á aðstöðu rannsóknastöðvarinnar síðastliðið sumar, en alls voru 17 gistinætur árið 2015. Er það nokkur fækkun frá fyrra ári og kemur það m.a. til vegna skorts á starfsemi fyrrihluta árs en verkefnastjóri var ekki mættur til starfa fyrr en í byrjun júlí. Kynning á stöðinni og starfsemi hennar úti í hinu íslenska vísindasamfélagi var því ekki nægilega markviss fyrir þann tíma. Í ljósi þess hvernig kynningarmálum er nú háttað er full ástæða til bjartsýni hvað þessi mál varðar á nýju ári. Aukinn áhugi virðist vera fyrir stöðinni og hafa þó nokkrar fyrirspurnir þegar borist varðandi rannsóknir og afnot af aðstöðu.

Þær rannsóknir sem stundaðar voru á svæðinu voru að mestu á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Háskóla Íslands. Þar var um að ræða allt frá reglubundnu eftirliti á fuglastofnum og gróðurvöktun til hvalarannsókna og félagsfræðirannsókna. Þá hóf Náttúrustofa Norðausturlands mófuglavöktun á landi Rífs, en talið var á föstum punktum sem settir voru út á jörðinni. Einnig hófst undirbúningur fyrir uppsetningu veðurstöðvar og fastra gróðurvöktunarreita á landi Rífs sem ráðgert er að setja upp árið 2016.

Rekstur árið 2015

Heildartekjur Rannsóknastöðvarinnar Rífs á síðasta ári voru 2.000.000 kr. og var þar um að ræða styrk sem Alþingi veitti til starfseminnar í gegnum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Rekstrarkostnaður nam kr. 2.594.700 en þar af var launakostnaður kr. 1.662.969. Rekstrarhalli var því 594.700 kr. og var honum mætt með rekstrarafgangi ársins 2014 sem var 1.089.378 kr. Nánar er gerð grein fyrir fjárhag og rekstri Rannsóknastöðvarinnar í ársreikningi fyrir árið 2015.